

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2018

2020/EES/71/16

frá 31. maí 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/835 frá 12. maí 2017 um leiðréttingu á slóvensku og sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66wk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32017 R 0835:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/835 frá 12. maí 2017 (Stjtið. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/835, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.